

## Fundargerð

2. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.  
11. september 2019 kl. 10.00 í húsi Háskólaaseturs Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Lilja Magnúsdóttir (LM), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Arnór Snæbjörnsson (AS), Erla Sigríður Gestdóttir (ESG), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ) og Aðalsteinn Óskarsson (AÓ).

Frá Skipulagsstofnun: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Bragadóttir (HB) sem ritaði fundargerð.

Þorgeir Pálsson (ÞP) boðaði forföll og ekki náðist að boða varamann í hans stað.

Gestir: Hafdís Sturlaugsdóttir og María Maack frá Náttúrustofu Vestfjarða og Sigríður Kristjánsdóttir frá Vestfjarðastofu.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Undirbúningur lýsingar fyrir gerð strandsvæðisskipulags

EAÁ kynnti vinnu við undirbúning lýsingar fyrir gerð strandsvæðisskipulags, þ.á m. hvernig vinnu við öflun grunnupplýsinga á svæðinu verður háttað og hvaða nálgun verður lögð til grundvallar við samráð um lýsingu. Áætlun Skipulagsstofnunar gerir ráð fyrir að drög að lýsingu verði kynnt svæðisráði með tölvupósti í fyrri hluta nóvember sem hafi þá u.þ.b. tvær vikur til þess að fara yfir drögin og senda athugasemdir til Skipulagsstofnunar. Í framhaldi af því fái fagstofnanir og vatnasvæðisnefndir drögin send með tölvupósti og hafi tækifæri til þess að fara yfir drög að lýsingu og koma með ábendingar. Í kjölfarið verði haldinn sameiginlegur fundur svæðisráðs og samráðshóps í byrjun desember þar sem lýsing verði samþykkt.

Svæðisráð samþykkti framangreinda tillögu að tímaáætlun og verklagi, með þeim fyrirvara að sveigjanleiki þyrfti að vera í tímaáætlun um kynningar- og samráðsfundi í janúar vegna vetrarveðurs. Bent var á að auk samráðs- og kynningarfunda á norðursvæðinu og suðursvæðinu kunni að vera tilefni til að halda einnig fund á Hólmavík. Gert er ráð fyrir að næsti fundur ráðsins verði haldinn á Vestfjörðum í ljósi þess að meirihluti fundarmanna á þeim fundi verði frá svæðinu vegna þátttöku samráðshóps. Ákveðið var að Skipulagsstofnun muni senda fulltrúum svæðisráðs könnun um heppilegan fundartíma og er stefnt að því að halda fund á tímabilinu 28. nóvember til 5. desember.

Rætt var um úrvinnslu athugasemda við drög að lýsingu, samskipti við samráðshóp og mikilvægi þess að fá fram sem flest sjónarmið við vinnslu lýsingar. Fram kom að gert sé ráð fyrir því að einhverjir fulltrúar svæðisráðs sitji kynningar- og samráðsfundi hverju sinni. Einnig var rætt um að fulltrúar í svæðisráði séu hvattir til að upplýsa sína tilnefningaraðila um stöðu vinnunnar og ákvarðanir sem teknar eru í ráðinu jafnóðum.

#### 2. Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags

EAÁ kynnti drög sem nú liggja fyrir hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags sem stendur til að birta í samráðsgátt stjórnvalda.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SG", "LM", "GMH", "AS", "ESG", "ÁÞ", and "AÓ".

Rætt var um starfsreglur ráðsins sem settar eru fram í reglugerðardrögunum, m.a. um ákvæði reglugerðardraganna um tíðni funda svæðisráðs. Efasemdir komu fram um nauðsyn þess að setja í reglugerð að ráðið skuli funda a.m.k. þrisvar á ári.

Í tengslum við umfjöllun um viðfangsefni og efnistöð strandsvæðisskipulags kom fram að þörf væri á að nefna hugtakið siglingaleiðir sérstaklega.

Fjallað var um tilvísun reglugerðardraganna til mótvægisáðgerða og aðlögunar m.t.t. loftslagsbreytinga, en um er að ræða nýmæli í reglugerð um skipulagsmál. Rætt var sérstaklega um aðlögun að loftslagsbreytingum og tengsl áðgerða á sviði aðlögunar við strandsvæðisskipulag.

Rætt var um 3. málslíð 12. gr. reglugerðardraganna þar sem fram kemur að tilgreina eigi í umhverfisskýrslu hvort setja þurfi skilyrði fyrir framkvæmdum í strandsvæðisskipulag til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið. Fram kom að hugsanlega þurfi að endurskoða orðalag til að skýrt verði að umhverfismatið setji ekki bindandi skilyrði fyrir framkvæmdum.

### Hádegishlé

#### 3. Nýlegar breytingar á fiskeldislögum

AS kynnti breytingar á fiskeldislögum nr. 71/2008 sem samþykktar voru á Alþingi með lögum nr. 101/2019 20. júní sl. Áhersla var lögð á þær breytingar sem hafa áhrif á svæðisráðin, m.a. ákvæði um skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði.

Í kjölfarið var rætt um heimild leyfisveitenda til að fresta því að veita leyfi í tiltekinn tíma þegar komin er fram tillaga að strandsvæðisskipulagi og breytingar á leyfum vegna færslu á fiskeldissvæðum.

Rætt var um vinnu Hafrannsóknastofnunar samkvæmt heimild í 4. gr. a. fiskeldislaganna.

Bent var á mikilvægi þess að horfa á skipulagssvæðið í heild sinni við gerð strandssvæðisskipulagsins, m.t.t. þess hvort til dæmis eigi við að útiloka tiltekin svæði frá fiskeldi.


Rætt var um endurskoðun strandsvæðisskipulags og nauðsyn þess að unnt sé að breyta strandsvæðisskipulagi ef þörf krefur.

Rætt var um gildissvið laga um skipulag haf- og strandsvæða, einkum 2. mgr. 2. gr. um að lögin gildi ekki um nýtingu og vernd fiskistofna.

#### 4. Kynningar á skipulagssvæðinu

Hafdís Sturlaugsdóttir og María Maack frá Náttúrustofu Vestfjarða kynntu umhverfi og náttúru svæðisins og lýstu m.a. virkjunum, friðlýstum svæðum, fuglasvæðum, gróðurfari og vistgerðum, botndýralífi og skráningu minja. Einnig var fjallað um áhrif vegna frárennslis frá þéttbýli og atvinnustarfsemi. Fram kom að öll vestfirsku sveitarfélögin láti árlega votta starfsemi sína miðað við sjálfbæra þróun hjá Earth Check.

Sigríður Kristjánsdóttir frá Vestfjarðastofu kynnti starfsemi Vestfjarðastofu og helstu núverandi og fyrirhugaða atvinnustarfsemi á áhrifasvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða, m.a. í tengslum við fiskeldi, ferðaþjónustu, fiskveiðar, útivist og orkumál. Hún dreifði upplýsingaefni frá Vestfjarðastofu um fiskeldi og orkumál, auk sviðsmyndagreiningar um þróun á Vestfjörðum til 2035.



Kynningar verða aðgengilegar á vefsvæði svæðisráðsins.

## 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15:55.

Undirritun fundargerðar

  
Stefán Gíslason


  
Arnór Snæbjörnsson

  
Erla Sigríður Gestsdóttir

  
Lilja Magnúsdóttir

  
Aðalsteinn Óskarsson

  
Ásta Þorleifsdóttir

  
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir